

Svar

dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Snæbirni Brynjarssyni um refsibrot sem varða framleiðslu áfengis til einkaneyslu.

1. *Hversu margir einstaklingar hafa hlotið refsingu fyrir framleiðslu áfengis til einkaneyslu, sem er refsivert skv. a-lið 2. mgr. 4. gr. áfengislaga, nr. 75/1998, frá gildistöku laganna 1. júlí 1998? Svar óskast sundurliðað eftir árum.*

Samkvæmt a-lið 2. mgr. 4. gr. laga nr. 75/1998 varðar framleiðsla áfengis til einkaneyslu eða sölu sektum eða fangelsi allt að sex árum, sbr. 1. mgr. 27. gr. sömu laga. Þá segir í 3. mgr. 27. gr. laga nr. 75/1998 að margítrekuð eða stórfelld brot að öðru leyti varði fangelsi. Samkvæmt upplýsingum frá embætti ríkissaksóknara liggur ekki fyrir nákvæmur fjöldi einstaklinga sem hafa hlotið refsingu vegna brots gegn a-lið 2. mgr. 4. gr. laga nr. 75/1998.

Jafnframt getur framleiðsla áfengis til einkaneyslu varðað sektum líkt og áður segir. Ráðuneytið óskaði einnig upplýsinga frá embætti ríkislögreglustjóra og í töflunni má sjá fjölda einstaklinga sem sættu ákærumeðferð og greiddu sekt vegna ólöglegs tilbúnings áfengis á tímabilinu 2005–2018, sundurliðað eftir árum. Málaskrá lögreglu var tekin í notkun árið 2005 og eru upplýsingarnar því eingöngu fyrirbyggjandi fyrir það tímabil.

Ár	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018
Ákærumeðferð	1	2	4	8	4	6	6	9	7	6	5	2	2	1
Sekt greidd	3	5	0	0	0	9	5	8	2	0	1	2	2	0

2. *Telur ráðherra tímabært að endurskoða eða afnema framangreint ákvæði áfengislaga?*

Ráðherra telur tímabært að endurskoða áfengislög, nr. 75/1998, í heild með það að markmiði að auka frelsi manna til þess að flytja inn, framleiða, selja og veita áfengi og um leið taka mið af breyttum viðskiptaháttum í smásölu